

Ed.

191. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Á eftir orðunum „5 fulltrúum“ í fyrstu málsgr. 3. gr. l. nr. 49 23. júní 1932 (6. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911) komi: og 5 varafulltrúum.

2. gr.

Aftan við 10. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911 bætist:

Gjöld þessi hafa forgangsrétt samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna, og eru skipagjöldin auk þess tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í eitt ár fyrir samningsveði í skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið til að bæta úr nokkrum göllum, er hafnarstjórn Reykjavíkur telur vera á núgildandi hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað. 1. gr. mælir svo fyrir, að kjósa skuli varafulltrúa í hafnarstjórn, er tekið geti sæti á fundum hafnarstjórnar í forföllum aðalfulltrúa, og er það í samræmi við ákvæði þau, er gilda um fulltrúa bæjarstjórnar.

2. gr. frumvarpsins er til þess sett að lögfesta þá venju, sem fylgt hefir verið af skiptaréttinum undanfarið, að hafnargjöldin séu forgangsskuldir, en lagaheimild fyrir því hefir ekki verið skýr. Ennfremur þykir nauðsynlegt að tryggja tekjur hafnarinnar, með því að veita henni í eitt ár lögveð í skipunum fyrir skipagjaldinu.

Samkvæmt núgildandi lögum hefir höfnin eingöngu lögtaksrétt fyrir skipagjöldunum, og er það venjulega algerlega ófullnægjandi, vegna veðskulda þeirra, er jafnaðarlega hvíla á skipunum.